

**Ed.**

**569. Frumvarp til laga**

**[326. mál]**

um lögskráningu sjómanna.

(Lagt fyrir Alþingi á 109. löggjafarþingi 1986–87.)

**I. KAFLI**

**Um lögskráningarskyldu og lögskráningarstjóra.**

**1. gr.**

Lögskráning sjómanna er tvenns konar: lögskráning í skiprúm og lögskráning úr skiprúmi.

Lögskráning fer fram á útgerðarstað skips.

**2. gr.**

Skylt er að lögskrá alla skipverja sem ráðnir eru til starfa á íslenskum skipum sem eru 12 rúmlestir brúttó eða stærri.

Heimilt er að lögskrá aðra en skipverja þann tíma sem viðkomandi dvelja um borð í skipi sem er í förum enda leggi þeir fram yfirlýsingu tryggingafélags um líf- og slysatryggingar.

**3. gr.**

Lögreglustjórar eru lögskráningarstjórar hver í sínu umdæmi. Í Reykjavík er tollstjóri lögskráningarstjóri. Utan heimilisþinghár sinnar er lögreglustjórum heimilt að fela hreppstjórum að annast lögskráningar. Einnig er lögreglustjóra heimilt að skipa fulltrúa innan heimilisþinghár sinnar til að framkvæma lögskráningar á hans ábyrgð ef þess gerist þörf.

Hreppstjórar og lögskráningarfulltrúar lögreglustjóra skv. 1. mgr. skulu hafa eftirlit með skráningu og skila yfirliti til lögreglustjóra um lögskráningar í umdæmum sínum eigi sjaldnar en ársfjórðungslega. Verði þeir varir við að ekki er farið eftir fyrirmælum laga þessara um lögskráningu skulu þeir tafarlaust tilkynna meint brot með símskeyti til hlutaðeigandi skipstjóra og lögreglustjóra. Lögreglustjóri skal hafa eftirlit með lögskráningarfulltrúum í umdæmi sínu.

**4. gr.**

Lögskrá skal í skiprúm:

1. Hvert sinn er nýr maður eða áhöfn er ráðin á skip.
2. Í fyrsta sinn á hverju ári sem skip er afgreitt eða byrjar ferð frá hérlendri höfn enda þótt engin breyting verði á skipshöfn.
3. Hvert sinn sem nýr maður er ráðinn erlendis á íslenskt skip. Skal þá íslenskt sendiráð eða ræðismaður lögskrá á skipið ef til næst. Sendiráð eða ræðismaður skal síðan þegar tilkynna hina nýju lögskráningu með símskeyti til viðkomandi lögskráningarstjóra.  
Sé ekki unnt að ná til sendiráðs eða ræðismanns þegar ráða verður mann á íslenskt skip erlendis skal skipstjóri þegar tilkynna það til viðkomandi lögskráningarstjóra.
4. Hvert sinn, sem sjómenn eru ráðnir hér á landi í skiprúm á íslensku skipi sem statt er erlendis, skulu þeir lögskráðir áður en þeir fara af landi burt.

**5. gr.**

Lögskrá skal úr skiprúmi í hvert sinn er veru skipaverja um borð lýkur, hvort heldur er vegna ráðningarslita eða um stundarsakir, vegna orlofs, slyss, veikinda eða ef skip er ekki í förum um stundarsakir vegna t.d. bilana, viðgerða, endurbóta eða skipi er af öðrum ástæðum ekki haldið úti.

6. gr.

Skipstjóra er skylt að sjá um að skipverjar séu lögskráðir í skiprúm og úr skiprúmi. Hann má eigi leggja skipi úr höfn nema allir skipverjar, sem skylt er að lögskrá skv. 2. gr., hafi verið lögskráðir í skiprúm.

Pegar svo er ástatt sem segir í 4. tölul. 4. gr. og skipstjóri er eigi staddur þar sem lögskráning á að fara fram skal útgerðarmaður sjá um að lögskráð sé.

## II. KAFLI

### Framkvæmd lögskráningar.

7. gr.

Við fyrstu árlegu lögskráningu í skiprúm skv. 2. tölul. 4. gr. skal sýna lögskráningarstjóra eftirtalin gögn:

1. Atvinnuskírteini skipstjóra.
2. Mælibréf skipsins og haffærisskírteini.
3. Atvinnuskírteini eða starfsleyfi þeirra manna er lögskráðir skulu og skírteini þurfa að lögum til þess að mega gegna stöðu þeirri á skipinu sem þeir eru ráðnir til.
4. Útfyllt skipshafnarskrá í tveimur samhljóða eintökum.
5. Sjóferðabækur þeirra manna er lögskráðir skulu.
6. Yfirlýsingu frá viðkomandi tryggingafélagi um líf- og slysatryggingu skipverja og skal skráningarstjóri ganga úr skugga um að þær séu í samræmi við gildandi lög og kjarasamninga. Nú vanrækir útgerðarmaður að hafa líf- og slysatryggingu í gildi og er hann þá ábyrgur fyrir viðkomandi bótagreiðslum. Reynist útgerðarmaður eigi fær um greiðslu slíkra bóta ber ríkissjóður fulla ábyrgð á greiðslu þeirra.

Ef skilyrðum 1. mgr. er fullnægt ritar lögskráningarstjóri vottorð sitt á gögnin. Ef eitthvert gagna skv. 1.–4. og 6. tölul. 1. mgr. vantar skal eigi lögskráð fyrr en úr því er bætt.

Við lögskráningu úr skiprúmi skal skipstjóri leggja fram skipshafnarskrá og sjóferðabækur.

8. gr.

Pegar nýir menn eru lögskráðir í skiprúm eftir að skipshafnarskrá er gerð skal þeim bætt við á skrána meðan hún endist en á aukaskrá sé hún fullrituð. Skal þess þá getið í aðalskránni að aukaskrá hafi verið gerð.

9. gr.

Um sjóferðabækur skipverja fer eftir ákvæðum sjómanna laga og laga um atvinnuréttindi við siglingar á íslenskum skipum svo og reglugerða er settar eru samkvæmt þeim.

10. gr.

Við lögskráningu í skiprúm skulu allir þeir sem lögskrá á til starfa, sem sérstök réttindi þarf til að gegna lögum samkvæmt, mæta hjá lögskráningarstjóra og undirrita skipshafnarskrá.

Pegar lögskráð er í skiprúm við fyrstu skráningu á árinu skulu allir skipverjar mæta hjá lögskráningarstjóra.

Að öðru leyti en um getur í 1. og 2. mgr. er skipverjum eigi skylt að mæta við lögskráningu og undirrita skipshafnarskrá þar. Þó getur sérhver skipverja krafist þess að vera viðstaddur er hann skal lögskráður og er skipstjóra þá skylt að heimila það.

11. gr.

Að lokinni lögskráningu skal skráningarstjóri afhenda skipstjóra annað eintak skipshafnarskrárinnar með áritun sinni.

12. gr.

Ef skipstjóri getur ekki gengið frá lögskráningu áður en skip yfirgefur höfn skal hann eða útgerðarmaður skipsins tilkynna lögskráningarstjóra, innan 24 klst., nöfn manna og annað sem honum ber að skýra frá við almenna lögskráningu. Skipstjóra er einnig heimilt innan þess tíma að kalla upp næstu strandarstöð og lesa upp nöfn þeirra og störf sem um borð eru. Strandarstöðin skal síðan bera þau boð til viðkomandi lögskráningarstjóra.

Jafnframt skal skipstjóri færa nöfn skipverja og annað, sem skrásetja ber við lögskráningu, á eintak það af skipshafnarskránni sem er í skipinu. Skulu þeir sem þannig eru lögskráðir samþykkja lögskráninguna með áritun sinni á skipshafnarskrána.

Við næstu lögskráningu skal skráningarstjóri bera eintak skipstjóra saman við frumeintak sitt og tilkynningar sem honum hafa borist.

13. gr.

Þegar lögskráð er úr skiprúmi skulu þeir menn, sem skrá á úr skiprúmi, mæta með sama hætti og lýst er í 10. gr., sbr. þó 4. mgr. þessarar greinar. Ef skipverji er eigi viðstaddur skal skipstjóri tafarlaust láta hann vita um lögskráninguna. Ber skipstjóra að sanna að skipverja hafi verið tilkynnt um lögskráningu úr skiprúmi ef um er deilt.

Nú hefur skipverja eigi borist vitneskja um lögskráningu úr skiprúmi á réttum tíma og er honum þá heimilt að vefengja gildi lögskráningarinnar með því að bera upp andmæli við lögskráningarstjóra.

Óheimilt er að lögskrá úr skiprúmi nema frá þeim degi að telja, er slíkrar skráningar er óskað nema fyrir liggja yfirlýsing frá þeim skipverjum, sem þannig á að lögskrá úr skiprúmi, um að þeir séu því samþykkir.

Sé ráðningu skipverja sannanlega lokið eða hann verður frá störfum vegna slyss eða veikinda eða fer í orlof ber útgerðarmanni eða skipstjóra eigi skylda til að tilkynna viðkomandi skipverja um lögskráningu úr skiprúmi.

### III. KAFLI.

#### Almenn ákvæði.

14. gr.

Fyrir störf þau, er lögskráningarstjóri innir af höndum samkvæmt lögum þessum, svo og fyrir sjóferðabækur og skipshafnarskrár, skal greiða gjald samkvæmt gjaldskrá.

Lögskráningarstjóri innheimtir gjöld þessi og renna þau í ríkissjóð. Gjald fyrir sjóferðabók greiðir útgerðarmaður eða hlutaðeigandi sjómaður sjálfur en önnur gjöld greiðir skipstjóri fyrir hönd útgerðarmanna.

15. gr.

Lögskráningarstjóra er skylt, sé þess óskað, að veita stéttarsamtökum sjómanna eða eftirlitsmanni þeirra aðgang að gögnum er varða lögskráningar og upplýsingar um þær.

16. gr.

Heimilt er starfsmönnum Landhelgisgæslu Íslands að fara um borð í íslensk skip á siglingu og kanna lögmæti lögskráningar og skilríki um réttindi yfirmanna. Sé þessu ábótavant ber að kæra það en við ítrekað brot sama skipstjóra má færa skip til hafnar en bera má þá ákvörðun undir dómstóla.

17. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum enda liggja ekki þyngri refsing við þeim samkvæmt öðrum lögum. Verði skipstjóri með dómi fundinn sekur um ítrekað brot á lögskráningarskyldu sinni samkvæmt lögum þessum má dæma hann jafnframt til að hafa fyrirgert skírteini sínu um stundarsakir.

18. gr.

Með mál út af brotum á lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

19. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 63 29. mars 1961, með síðari breytingum.

#### Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Gildandi lög um lögskráningu sjómanna eru nr. 63/1961, en nokkrar breytingar hafa verið gerðar á því síðan.

Með bréfi dags. 2. maí 1986 skipaði Matthías Bjarnason samgönguráðherra eftirgreinda aðila í nefnd til að endurskoða lögina:

Ragnhildi Hjaltadóttur deildarstjóra, sem jafnframt var formaður, Helga Laxdal vélfræðing, Hómgeir Jónsson framkvæmdastjóra, Jónas Haraldsson skrifstofustjóra og Hjört Magnússon lögskráningarstjóra.

Framkvæmd lögskráningar hefur töluvert verið gagnrýnd á undanförunum árum og hefur hún í mörgum tilvikum verið í miklu ósamræmi við gildandi lög. Ákvæði gildandi laga verður að telja um margt fullnægjandi að því er varðar lögskráningarkerfið, skyldu til lögskráningar og framkvæmd hennar. Hins vegar eru þau mjög ítarleg og í ýmsum atriðum óskýr og óaðgengileg. Eiga mörg ákvæði þeirra fremur heima í stjórnvaldsreglum en lögum.

Með frumvarpi þessu er leitast við að einfalda ákvæði laga um lögskráningu í þeim tilgangi að stuðla að bættri framkvæmd lögskráningar og færa hana til samræmis við nútímaaðstæður. Er því tekið mið af breyttu hlutverki lögskráningar. Um s.l. aldamót var lögskráning eina skriflega samningsgerðin um kaup og kjör sjómanna og um leið var hún líftrygging. Segja má að þessu tvíþætta hlutverki sé að miklu leyti lokið. Stéttarfélög semja um kaup og kjör og samkvæmt almannatryggingalögum eru allir Íslendingar tryggðir frá vöggu til grafar. Engu að síður á lögskráning að tryggja að tryggingar séu í samræmi við lög og samninga. Þetta hefur mikla þýðingu því að enda þótt útgerðarmaður sé ábyrgur og ríkissjóður bakábyrgur ef ótryggt er þá er heimta bóta við þær aðstæður tímafrek og kostnaðarsöm.

Lögskráning hefur margháttaða þýðingu og með eftirfarandi megintilgang lögskráningar sjómanna í huga er frumvarp þetta lagt fram:

1. Lögskráning á að tryggja að þeir sem eru um borð hafi tilskilin starfsréttindi eða undanþágu.
2. Skráður er siglingatími sjómanna.
3. Lögskráning á að tryggja að tryggingar skipverja séu samkvæmt lögum og samningum.
4. Lögskráning tryggir sönnur á því hverjir voru á skipi ef skip ferst.
5. Lögskráning felur í sér könnun gagna um háffæri skips.

#### Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Fyrsta málsgrein er samhljóða gildandi lögum og þarfnast ekki skýringar.

Í 2. mgr. er lagt til að lögfest verði sú meginregla að allar lögskráningar fari ávallt fram á útgerðarstað viðkomandi skips. Með útgerðarstað skips er átt við þann stað sem skip er að staðaldri gert út frá. Það þarf ekki að vera heimahöfn skips.

Um 2. gr.

Samkvæmt 2. gr. gildandi laga er skylt að lögskrá alla sem ráðnir eru til starfa í íslenskum skipum, 12 brl. eða stærri, en frá því eru ákveðnar undantekningar.

Hér er lagt til að skylda til lögskráningar verði bundin við skipverja. Með skipverja er átt við hvern þann sjómann sem á skip er ráðinn til skipsstarfa. Með skipsstörfum er átt við störf sem nauðsynleg eru rekstri eða ferðum skipsins og sem unnin eru af starfsmönnum sem eru um borð í skipinu. Sem dæmi má nefna að skipslæknir á farþegaskipi vinnur tvímælalaust „skipsstörf“, en fiskifræðingur, sem vinnur að rannsóknarstörfum sínum um borð í togara meðan á veiðiferð stendur, starfar hins vegar ekki að „skipsstörfum“ í þessari merkingu. Í þessu sambandi skiptir meginmáli að viðkomandi manni sé í raun ætlað að vinna „skipsstörf“ um borð. Þessi skilgreining er í samræmi við skilgreiningu sjómannaálag á skipverja og athugasemdir við frumvarp til sjómannaálag. Samkvæmt 2. mgr. hefur skipstjóri heimild til að láta lögskrá aðra en skipverja, s.s. maka skipverja, vélaeftirlitsmenn o.fl.

#### Um 3. gr.

Samkvæmt þessari grein annast sömu aðilar framkvæmd lögskráningar hver í sínu umdæmi og samkvæmt gildandi lögum.

Hins vegar er hér lagt til að lögfest verði skylda lögreglustjóra til eftirlits með öðrum lögskráningarfulltrúum í umdæmi sínu. Með því er stuðlað að bættri og samræmdari framkvæmd lögskráningar en nú er. Enn fremur skulu hreppstjórar og lögskráningarfulltrúar lögreglustjóra hafa eftirlit með lögskráningu og tilkynna lögreglustjóra um öll meint brot á lögnum.

#### Um 4. gr.

Greinin fjallar um það hvenær skal lögskrá og er nær óbreytt frá gildandi lögum.

#### Um 5. gr.

Greinin fjallar um lögskráningu úr skiprúmi. Tilgreind starfslok eru breytt frá gildandi lögum til samræmis við nútímaviðhorf og ítrekað að menn skuli einungis lögskráðir meðan skip eru í förum.

#### Um 6. gr.

Hér er lögfest sú meginregla að skipstjóri ber ábyrgð á því að lögskráð sé og verður frumkvæði að koma frá honum í nær öllum tilvikum.

Greinin er óbreytt frá 6. gr. gildandi laga en hér er lagt til að hún verði í I. kafla laganna þar sem hún gildir um lögskráningu á öll skip og á betur heima í almennum kafla laganna.

#### Um II. kafla.

Í gildandi lögum er greint á milli lögskráningar á skip önnur en fiskiskip sem strangari reglur gilda um og fiskiskip. Þessi greining er síst til þess fallin að einfalda framkvæmd lögskráningar og því er hér lagt til að sömu reglur gildi um öll skip. Ákvæði þessa kafla eru einfaldari en ákvæði II. og III. kafla gildandi laga og er ýmsum ákvæðum sleppt.

#### Um 7. gr.

Greinin er að mestu óbreytt frá gildandi lögum en gerir þó ráð fyrir nokkrum nýmælum. Í 3. tölul. er bætt við skyldu til að leggja fram starfsleyfi og er hér fyrst og fremst átt við undanþágu til starfa og ótímabundin takmörkuð réttindi samkvæmt ákvæðum til bráðabirgða laga nr. 112 og 113/1984. Skylda til framlagningar viðskiptabóka er felld niður. Samkvæmt sjómannaálag, nr. 35/1985, er ekki gert ráð fyrir notkun viðskiptabóka enda alllangt um liðið síðan hætt var að nota þær. Annarri málsgrein er ætlað að girða fyrir að lögskráning fari fram nema tilskilin trygging hafi verið tekin og efni hennar sannað frammi fyrir skráningarstjóra.

#### Um 8. gr.

Greinin er samhljóða 2. mgr. 8. gr. gildandi laga.

Um 9. gr.

Greinin er óbreytt frá gildandi lögum.

Samkvæmt 5. mgr. 6. gr. sjómanna laga, nr. 35/1985, skal sérhver skipverji hafa sjóferðabók sem samgönguráðuneytið lætur gera. Siglingatíma skal sanna með sjóferðabók eða vottorði frá lögskráningarstjóra samkvæmt lögum nr. 112/1984 og 113/1984 um atvinnuréttindi skipstjórnar- og vélstjórnarmanna á íslenskum skipum.

Um 10. gr.

Samkvæmt lögum nr. 63/1961 gilda mismunandi reglur um mætingu skipverja hjá lögskráningarstjóra eftir því hvort um er að ræða fiskiskip eða önnur skip. Þar sem þessi flokkun skipa er felld niður í frumvarpinu þykir rétt að sömu reglur gildi hér um öll skip. Þetta ákvæði er í samræmi við 10. gr. gildandi laga sem fjallar um skip, önnur en fiskiskip.

Um 11. gr.

Greinin er að mestu samhljóða 12. gr. gildandi laga og þarfnast ekki skýringar.

Um 12. gr.

Um þetta atriði er nú fjallað í 18. gr. gildandi laga sem gildir einungis um fiskiskip. Grein þessi er töluvert frábrugðin og er samin með hliðsjón af bættum fjarskiptum og í samræmi við þá þróun sem orðið hefur á framkvæmd lögskráningar. Enn fremur er tekið tillit til tillögu Öryggismálanefndar sjómanna, dags. í október 1986, og gildir um öll skip.

Um 13. gr.

Fyrsta og önnur málsgrein greinarinnar eru efnislega samhljóða 3. mgr. 19. gr. laga nr. 63/1961, sbr. lög nr. 44/1980. Fjórða málsgrein er nýmæli.

Um III. kafla.

Kaflinn svarar til IV. kafla gildandi laga, en hefur verið töluvert stytur. Lagt er til að felld verði niður ýmis ákvæði. Má þar nefna ákvæði um að lögskráningarstjóra sé skylt að hafa jafnan nægar birgðir af sjóferðabókum og skipshafnarskrám, um að lögskráningarstjóri skuli sýna lipurð utan skrifstofutíma o.fl. Öðrum ákvæðum hefur verið skipað í aðrar greinar og sum þykja óþörf.

Um 14. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 2. mgr. 23. gr. gildandi laga og þarfnast ekki skýringa.

Um 15. gr.

Greinin er óbreytt frá lögum nr. 63/1961, sbr. lög nr. 44/1980. Grein þessari var bætt inn í lögum með lögum nr. 44 23. maí 1980. Í greinargerð með ákvæðinu segir m.a.: „Með ákvæði (3) gr. frumvarpsins er lagt til að stéttarsamtökum sjómanna verði tryggður aðgangur að gögnum lögskráningarstjóra sem miðar að því að skapa möguleika á virku eftirliti með framkvæmd laganna.“

Um 16. gr.

Greinin er nýmæli og þarfnast ekki skýringar.

Um 17. gr.

Fyrsta málsgrein er samhljóða 25. gr. laga nr. 63/1961, sbr. lög nr. 44/1980. Í greinargerð með breytingunni frá 1980 segir m.a. um þetta ákvæði: „Ákvæði þetta er í samræmi við 6. gr. 1. nr. 69/1973 og er ætlað að veita enn frekara aðhald um að reglum laganna um lögskráningu sjómanna verði fylgt, en misbrestur hefur þótt vera á framkvæmd þeirra.“

Um 18.–19. gr.

Þarfnast ekki skýringa.